



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

VIRKJANALÍKAN VOD
Dælur fyrir dæluvirkjanir

Sæþór L. Jónsson
Haukur Tómasson
Erlingur Jónasson

OS-94053/VOD-10 B

Desember 1994



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 530 935

VIRKJANALÍKAN VOD

Dælur fyrir dæluvirkjanir

Sæþór L. Jónsson
Haukur Tómasson
Erlingur Jónasson

OS-94053/VOD-10 B

Desember 1994

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	3
2. DÆLUTEGUNDIR	3
3. HÖNNUNARFORSENDUR	4
3.1 Efri-Þjórsá	5
3.2 Hraunavirkjun hin meiri	5
4. FYRIRSPURNIR OG TILBOÐSGERÐ	5
5. TILBOD FRAMLEIÐENDA	6
5.1 Efri-Þjórsá	6
5.2 Hraunavirkjun hin meiri	6
5.3 Samantekt og samanburður	7
6. HÖNNUN DÆLUSTÖÐVA	9
6.1 Mannvirki	9
6.1.1 Vatnsvegir til stöðarhúss	9
6.1.2 Stöðvarhús	9
6.1.3 Vatnsvegir frá stöðvarhúsi	10
6.2 Kostnaðarjöfnur	10
6.2.1 Vélar og rafsbúnaður	10
6.2.2 Stöðvarhús	11
6.2.3 Inntök	11
6.3 Dælustöðvar í Efri-Þjórsá og Hraunavirkjun	11
7. NIÐURSTÖÐUR	12
8. HEIMILDIR	13
VIÐAUKAR:	
I: Afrit fyrirspurnar til dæluframleiðenda	21
II: Afrit tilboða frá dæluframleiðendum	25

MYNDASKRÁ

Mynd 1: Flæðis skrúfudæla	14
Mynd 2: Nýtnisvið dælutegunda	15
Mynd 3: Staðsetning dælu	16-17
Mynd 4: Einkenniskúrfur fyrir dælur	18
Mynd 5: Útbúnaður við dælur	19
Mynd 6: Kostnaðarjafna	20

1. INNGANGUR

Skýrsla þessi fjallar lauslega um hönnun og kostnað dælustöðva fyrir vatnsafsvirkjanir. Í slíkum virkjunum eru dælur oft nýttar til þess að lyfta árvatni af einu vatnsviði, sem of lágt liggur, á annað hærra í landinu. Með dælum er þannig hægt að stækka vatnsvið virkjana og auka til þeirra rensli. Einnig er hægt að spara með dælingu mannvirkjakostnað, þegar dælt er upp í farveg þar sem vatnið getur runnið sjálfkrafa án dýrra vatnsvega. Öll dæling byggist á að miklu meiri orka á að fást með dælingunni en fer í hana. Hingað til hefur þessum kosti verið lstill gaumur gefinn í virkjanaáætlunum og þegar það hefur verið gert, hefur kostnaður verið miðaður við vélar og rafbúnað með ábót vegna stærra þvermáls dælu en túrbínu fyrir sama afl. Einnig var þetta talin sjaldgæf lausn sem væri dýrari en vélar og rafbúnaður virkjana.

Í kynnisferð í Noregi fyrir nokkrum árum, þar sem skoðaðar voru ýmsar virkjanir, var annar farastjórin einn af forstjórum Kværner, stærsta framleiðanda túrbína og rafala á Norðurlöndum. (Halldór Pétursson og Haukur Tómasson 1992). Hann upplýsti okkur um að túrbínuframleiðendur framleiddu yfirleitt ekki dælur fyrir litla dælingu. Þær dælur væru seldar staðlaðar í framleiðslu af dæluframleiðendum. Þannig dælur væru mikið ódýrari en með eithvað minni nýtni. Með þessar upplýsingar í farteskinu var ákveðið að afla upplýsinga um dælur og verð á þeim. Töluverðar upplýsingar um dæluframleiðendur voru til á Orkustofnun og nýttust þær við þessa athugun. Lauslegar athuganir benda til þess að með dælingu sé hægt að lækka jaðarkostnað á orkueiningu ýmissa fyrirhugaðra virkjana og auka um leið orkugetu raforkukerfisins. Fullnaðarmat um hagkvæmni fæst hins vegar ekki án þess að geta borið þessa kosti saman við aðra á svipuðum grundvelli. Því var ráðist í það verk að lýsa algengastri hönnun dælustöðva fyrir vatnsafsvirkjnair og meta kostnað við gerð þeirra.

2. DÆLUTEGUNDIR

Einvirkar dælur henta best til þeirra verkefna sem lýst er í inngangi. Slíkar dælur eru einfaldar að allri gerð og hafa að auki þann kost að vera auðfáanlegar og af staðlaðri framleiðslu. Tvívirkar dælur eru bæði dæla og túrbína og notaðar mest í stórum toppaflostsöðvum í varmakyntum raforkukerfum. Tvívirku túrbínurnar eru taldar um 50% dýrari en venjulegur túrbínur. Tvívirkar dælur eru almennt notaðar sem geymsludælur (storage pump).

Þegar farið var að athuga hve stórar dælueiningar væri hægt að fá, kom í ljós að það fer fyrst og fremst eftir því eftir hvaða staðli rafmótatorstærðir eru framleiddar hve dælurnar eru stórar. Hámarksdælingarmagn er yfir $25 \text{ m}^3/\text{s}$ ef miðað er við bestu nýtni. Hámarkshæð dælingar er utan og ofan við það sem áhugavert er í þessu sambandi.

Sú dælutegund sem heppilegust virðist til dælingar á miklu magni árvatns, er svokölluð "Blönduð flæðis-skrúfudæla" (Mixed Flow Propeller) með lóðréttan dæluöxul og dæluhjóli neðst í lóðréttu dæluröri (mynd 1). Eftir því sem lyftihæðin eykst breytist dæluhjólið úr skrúfudælu (axial pump) yfir í miðflóttaaflsdælu (radial pump), (mynd 2). Auðvelt er að ná hinni miklu bakvatnshæð sem dælurnar þurfa ($> 10 \text{ m}$) með því að staðsetja dæluhjólið í lóðréttum göngum. Rafbúnaður er þá staðsettur á yfirborði, en dæluhlutinn staðsettur minnst $10-12 \text{ m}$ neðar. Fyrir Hraunavirkjun þar sem um er að ræða minna magn og meiri lyftihæð koma venjulegar miðflóttaaflsdælur einnig til greina. Það ræðst fyrst og fremst af aðsæðum á virkjunarstað. Rafmótörinn er ýmist beintengdur ofan á dæluhúsið eða settur er gír á milli dæluöxuls og mótors, en þá hvílir gírinn á dæluhúsinu en mótorinn á milligólfí (mynd 3e).

3. HÖNNUNARFORSENDUR

Á mynd 4 eru sýndar einkenniskúrfur fyrir dælur. Sýnt er samband dælingarhæðar og dælingarmagns við dælunýtni, að á dæluöxi, og nauðsynlega bakvatnshæð á dælu. Dælustærð er gefin upp fyrir hámarksnýtni en þar sem fallhæð er verulega breytileg þarf að fara út fyrir hana, helst á báða vegu. Yfirleytt er engin stýring á dælunum önnur en að loka eða opna fyrir þær.

Lámarks bakþrýstingur (NPSH_{req}).

Miðflóttaaflsdælur vinna því aðeins óaðfinnanlega að ekki sé um gufumyndun (cavitation) í dæluhúsinu að ræða. Því verður þrýstingurinn við miðlinu dæluhjólsins að yfirstíga hlutþrýsting vökvans sem dæla á. NPSH_{req} er sú vatnshæð í metrum sem krafist er að sé fyrir ofan dæluhjólið og inniheldur þá gjarnan 0,5 m öryggisstuðul.

Lyftihæð (Total Pump Head).

TPH er sú lyftihæð sem dælan gefur miðað við það magn sem dælt er. Mjög er misjafnt hvernig þær dælurnar sem boðnar eru falla að ferlinum sem gefinn var ($60 \text{ m}^3/\text{s}$ við 32 m og $90 \text{ m}^3/\text{s}$ við 20 m). Til dæmis er ferillinn fyrir stóru dælurnar frá Mitsubishi mjög flatur og þarf litla breytingu í móþrýstingi til að nýtnin fari úr böndunum.

Nýtni dælu (Pump Efficiency).

Nýtni dælu má reikna með eftirfarandi líkingu :

$$\eta_d = \frac{\rho \cdot g \cdot Q \cdot H}{P} = \frac{1 \cdot 9,81 \cdot 10 \cdot 32}{3605} = 87\%$$

Sem dæmi er notuð afkasta kennilína fyrir Mitsubishi MKV-200. Nýtnistuðull sem gefin er 87% á við dæluna eina, en við það bætist nýtni mótors :

$$\eta_m = \frac{3605 \text{ [kW]}}{4000 \text{ [kW]}} = 90\%$$

Heildarnýting verður þá :

$$\eta = \eta_d \cdot \eta_m = 78,3\%$$

Ákveðið var að láta liggja til grundvallar við gerð kostnaðarlíksans fyrir dælustöðvar two virkjunnarkosti á fumhönnunarstigi. Þeir eru Efri-Pjórsá og Hraunavirkjun hin meiri. Þessir tveir kostir eru ólískir hvað varðar dælingarmagn og lyftihæð. Þeir eru því hentugir til fumathugana við hönnun og kostnað slískra stöðva.

Tölur um afkastabörf og lyftihæð dælanna í þessari skýrslu eru fengnar úr tveimur skýrslum Orkustofnunar, "Efri-Pjórsá, Samræmd forathugun á virkjunarkostum" (Halldór Pétursson o.fl. 1992) og "Hraunavirkjun meiri, Lausleg forathugun" (Haukur Tómasson 1992). Erfitt getur verið að finna fjöldaframleiddar dælur sem uppfylla nákvæmlega skilyrði um afkastagetu og lyftihæð. Gert er ráð fyrir því að valin sé dæla sem lýtur best þeim kröfum án breytinga.

Ráð er fyrir því gert að dælt sé úr lónum þar sem aurburður hefur sest til og að hann sé af þeim sökum líttill og fínkorna. Því var ekki gerð sérstök krafa til efnisvals fyrir dælurnar.

3.1 Efri-Pjórsá

Í Efri-Pjórsá er fyrirhugað að dæla vatni úr Norðlingaöldulóni í Kvíslaveitu eða dæluafbrigði Efri-Pjórsávirkjunar. Snemma að vori við lægstu vatnsstöðu í Norðlingaöldulóni er gert ráð fyrir að dæla þurfi $60 \text{ m}^3/\text{s}$ við 32 m lyftihæð. Síðla sumars við hæstu vatnsstöðu má reikna með að dælt sé allt að $90 \text{ m}^3/\text{s}$ við 20 m lyftihæð. (Halldór Pétursson o.fl. 1992, s. 21).

3.2 Hraunavirkjun hin meiri

Fyrir Hraunavirkjun meiri þarf tvær dælustöðvar. Eina í Vföidal þar sem dæla þarf $4.4 \text{ m}^3/\text{s}$ við 80 m lyftihæð (Haukur Tómasson 1992, s. 12). Hina á Ódáða- og Lískárvatnasvæði og tæki hún vatn úr Fossá og Grímsá. Þar þarf að anna $8.6 \text{ m}^3/\text{s}$ rennsli við 79 m lyftihæð (Haukur Tómasson 1992, s. 13). Vegna þess að lón við þessar dælustöðvar yrðu lítil er reiknað með því að og þau hafi lítil áhrif á lyftihæðina.

4. FYRIRSPURNIR OG TILBOÐSGERÐ

Hér á landi hefur engin reynsla fengist af dælustöðvum fyrir vatnsafsvirkjanir. Til að meta kostnað var því farin sú leið að leita tilboða hjá þekktum dæluframleiðendum. Tilboða var aflað fyrir dælustöðvar í Efri-Pjórsá og Hraunavirkjun hina meiri. Á grundvelli þessara tilboða var lausleg útfærsla um hönnun slíksra dælustöðva gerð og mat lagt á kostnað.

Í tilboðsbeiðnunum var beðið um verð og tæknilega útfærslu á dælum með öllum fylgihlutum. Eina sem vitað er um að vanti er spjaldaloki sem fylgja hverri dælu. Tilbjóðendur eru allir mjög þekktir dæluframleiðendur og koma mjög til greina sem raunverulegir tilbjóðendur í framtíðinni ef af svona framkvæmdum verður.

Leitað var tilboða hjá eftirtöldum aðilum :

- Þór hf. - KSB Aktiengesellschaft
- Adolf Bjarnarson hf. - THYSEN Maschinenbau GMBH
- Hitaval sf. - Floway Pumps
- Egill Kristjánsson hf. - Floway Pumps
- Dælur hf. - Patterson Pump Company
- Hekla hf. - IR-DRESSER PUMPS
- Mitsubishi Heavy Industries LTD
- J. M. Voith AG

5. TILBOÐ FRAMLEIÐENDA

Tilboð bárust frá öllum nema Heklu hf. og er eftirfarandi stuttur úrdráttur úr þeim.

Þór hf. sendi tilboð í allar dælustærðirnar frá KSB í þýskalandi og er tilboð þeirra mjög starlegt. Það inniheldur allan dælubúnaðinn, mótor og mótorstartara. Tilboðið gerir ráð fyrir 11 kW mótorum, en bent er á, að mótorarnir yrðu 20% ódýrari ef þeir ynnu á 6,3 kV spennu.

Adolf Bjarnason hf. sendi tilboð frá Thysen í allar dælustærðirnar, tilboð þeirra var einnig nokkuð starlegt. Það innifelur allan dælubúnaðinn ásamt mótor. Ekki er tekið fram við hvaða spennu mótorarnir ganga.

Hitaval sf. bauð eingöngu í minni dælurnar frá Floway í Bandarskjunum. Þessar dælur eru tiltölulega litlar, en góð reynsla er af notkun þeirra er hjá Hitaveitu Reykjavíkur.

Egill Kristjánsson hf. bauð einnig eingöngu í minni dælurnar frá Floway í Bandarskjunum. Dælururnar eru svipaðrar gerðar og frá Hitaval sf.

Dælur hf. hafa umboð fyrir Patterson í Bandarskjunum. Tilboð þeirra er eingöngu bundið við Efri-Þjórsá.

Mitsubishi í Japan sendi starlegt tilboð í allar dælustærðirnar. Þeir bjóða mjög stórar dælur.

Tilboð barst frá J. M. Voith í Austurríki, en þar sem ekki voru boðnir mótorar með dælunum verða þeir ekki með í samanburði tilboðanna. Afrit af öllum tilboðunum er í viðauka II A-F.

5.1 Efri-Þjórsá

Tilboð Þórs hf. hljóðaði upp á 11 dælur af gerðinni KSB SEZ 1500 - 1450. Nafnafköst eru 6,5 m³/s við 32 m lyftihæð. Hámarks nýtni er gefin upp 89%. Af teikningum af dælunum má ráða að gert er ráð fyrir að mótorinn sé staðsettur beint ofan á dæluhúsini og dælan hvíli á gólfí dælustöðvar.

Tilboðið frá Adolfi Bjarnarsyni hf. gerir ráð fyrir 11 dælum af gerðinni TR 1400/6/1260. Nafnafköst eru 6,5 m³/s við 32 m lyftihæð. Besta nýtni er gefin upp sem 90 %. Gert er ráð fyrir að mótorinn sé staðsettur ofan á dæluhúsini og dæluhúsið hvíli á gólfí dælustövar.

Dælur hf. buðu mjög stórar dælur fyrir Efri-Þjórsá tengdar við gír sem hvíflir á milligólfí, en mótorinn stendur einni hæð ofar. Nafnafköst dælana er 10-15 m³/s við 32-20 m lyftihæð. Það þarf því aðeins 6 dælur. Nýtnin er gefin upp sem 88% og hámarksfl 5200 HP.

Fjöldi dæla fyrir Efri-Þjórsá er valin 6 í tilboði Mitsubishi. Vegna tiltölulega mikilla breytinga í lyftihæð og magni fyrir svona stórar dælur, sem hafa mjög flata kennilsnu, hafa þeir boðið tvær dælustærðir, MKV-200 og MKV-250. Sú minni MKV-200 gæti gengið við báðar aðstæður en nýtnin fellur frá 87% við 32 m lyftihæð í um 80% við 20 m lyftihæð og um 12,5 m³/s. Þetta hefur í för með sér að fylgja verður dælunum úr 6 í 7-8.

5.2 Hraunavirkjun hin meiri

Þór hf. gerir ráð fyrir 4 dælum í Víðidal með nafnafköst 1,1 m³/s við 80 m. Fyrir Ódaða- og Lískárvatnssvæðin er fjöldi dæla 8 með nafnafköst 1,1 m³/s við 80 m. Nýtni þessara dæla er gefin upp sem 84 %.

Adolf Bjarnason hf. bauð fyrir Vföidal eina dælu með nafnafköst $4,4 \text{ m}^3/\text{s}$ við 80 m. Fyrir Ódaða- og Lískárvatnssvæðin er lagt til að hafa tvær dælur með nafnafköst $4,4 \text{ m}^3/\text{s}$ við 80 m. Nýtni þessara dæla er gefin upp sem 89%.

Hitaval sf. bauð fyrir Ódaða- og Lískárvatnssvæðin sjö dælur. Hver dæla flytur $1,3 \text{ m}^3/\text{s}$ við 80 m lyftihæð. Nýtni er um 85% og mótorstærð 2000 HP - 3300 Volt. Fyrir Vföidal þarf 4 dælur sömu gerðar.

Egill Kristjánsson hf bauð sjö dælur fyrir Ódaða- og Lískárvatnssvæðin. Hver dæla flytur $1,3 \text{ m}^3/\text{s}$ við 80 m lyftihæð. Nýtni er gefin upp 77% og mótorstærð 2000 HP - 6600 Volt.

Mitsubishi í Japan sendi starlegt tilboð í allar dælustærðirnar. Fyrir Ódaða- og Lískárvatnssvæðin eru gefnir tveir möguleikar, tvær $4,3 \text{ m}^3/\text{s}$ dælur með 4500 kW mótor annars vegar, og fjórar $2,15 \text{ m}^3/\text{s}$ með 2300 kW mótor hins vegar. Á sama hátt eru boðnar annaðhvort ein $4,4 \text{ m}^3/\text{s}$ dæla fyrir Vföidal með 4500 kW mótor eða tvær $2,2 \text{ m}^3/\text{s}$ dælur með 2300 kW mótor.

5.3 Samantekt og samanburður

Tafla 1. Yfirlit yfir dælur fyrir Efri-Þjórsá.

Dælur fyrir Efri-Þjórsá				
Umboðsaðili:	Adolf Bjarnason	Þór hf.	Dælur hf.	Mitsubishi Heavy
Framleiðandi:	Thysen	KSB	Patterson	Mitsubishi
Tegund:	TR 1400/6/1260	SEZ	Model 80" SAFV	MKV-200
Flutningsgeta [m^3/s]:	6-9	6,5-8,4	10-15	10-12,5
Prýstisvið [m]:	20-32	20-32	20-32	32-20
Besta nýtni [%]:	89		88	87
Aflþörf [kW]:	2350	2267	3729	4000
Verð pr. dælu:	700000 DEM	1927500 DEM	880000 USD	107400000 JYP
Fjöldi dæla:	10	11	6	7
Erlent heildarverð:	7000000 DEM	21200000 DEM	5280000 USD	751800000 JYP
Gengi:	39,54	39,54	70,82	0,67
Ísl. FOB verð Mkr.:	276	838	373	507
Ísl. CIF verð Mkr.:	287	872	389	527
Millj/MW	12,25	34,96	17,38	18,82

Tafla 2. Yfirlit yfir dælur fyrir Grímsá og Fossá.

Dælur fyrir Grímsá og Fossá				
Umboðsaðili:	Adolf Bjarnason	Pór hf.	Hitaval sf.	Mitsubishi Heavy
Framleiðandi:	Thysen	KSB	Floway	Mitsubishi
Tegund:	TR 1200/8/1150	F875-3650/3	38 FKH/N	MKV-135 III
Flutningsgeta [m^3/s]:	4,4	1,1	1,33	4,3
Þrýstisvið [m]:	80	80	80	79
Besta nýtni [%]:	88	84	85	85
Aflþörf [kW]:	3900	1034	1342	4500
Verð pr. dælu:	900000 DEM	569900 DEM	220000 USD	101000000 JYP
Fjöldi dæla:	2	8	7	2
Erlent heildarverð:	180000 DEM	4559200 DEM	1540000 USD	202000000 JYP
Gengi:	39,54	39,54	70,82	0,67
Ísl. FOB verð Mkr.:	71	180	100	136
Ísl. CIF Mkr.:	74	187	104	142
Millj/MW	9,49	22,66	11,08	15,73

Tafla 3. Yfirlit yfir dælur fyrir Viðidal.

Dælur fyrir Viðidal				
Umboðsaðili:	Adolf Bjarnason	Pór hf.	Hitaval sf.	Mitsubishi Heavy
Framleiðandi:	Thysen	KSB	Floway	Mitsubishi
Tegund:	TR 1200/8/1150	F875-3650/3	38 FKH/N	MKV-135 III
Flutningsgeta [m^3/s]:	4,4	1,1	1,33	4,3
Þrýstisvið [m]:	80	80	80	79
Besta nýtni [%]:	88	84	85	85
Aflþörf [kW]:	3900	1034	1342	4500
Verð pr. dælu:	900000 DEM	569900 DEM	220000 USD	101000000 JYP
Fjöldi dæla:	1	4	4	1
Erlent verð:	180000 DEM	2279600 DEM	880000 USD	101000000 JYP
Gengi:	39,54	39,54	70,82	0,67
Ísl. FOB verð Mkr.:	36	90	57	68
Ísl. CIF verð Mkr.:	37	94	60	71
Millj/MW	9,49	22,66	11,08	15,73

Eins og sjá má af töflum 1-3 er mikil dreifing á verði dælanna, bæði frá einum framleiðanda til annars og eftir stærð. Af dælunum eru 4 í kringum 4 MW að stærð. Meðalverð þeirra er 17,3 Mkr/MW. Hinar 4 dælurnar eru 1-2 MW og meðalverð þeirra er 20,4 Mkr/MW. Samkvæmt þessu lækkar verðið lítilsháttar með aukinni stærð, en þessi tilhneiting er ekki sterk. Aftur á móti kemur fram greinilegur munur ef bornar eru saman háfalls- og lágfallsdælur, þe. að háfallsdælurnar eru þriðjungi ódýrari á MW. Lágfallsdælurnar kosta að meðaltali 22,8 Mkr/MW, en háfallsdælurnar 14,7 Mkr/MW. Allt er þetta eðlilegur munur. Meðaltal fyrir allar dælurnar er 18,77 Mkr/MW.

6. HÖNNUN DÆLUSTÖÐVA

Í þessum kafla er ætlunin að fjalla um nokkur atriði er varða hönnun dælustöðva og kostnaðarjöfnur fyrir þær. Að lokum verður kostnaður metinn við gerð dælustöðva við Efri-Þjórsá og Braunavirkjun hina meiri á grundvelli þessara jafna.

Huga þarf að þemur grundvallarþáttum við gerð dælustöðva: koma þarf til þeirra vatni, stöðvarhús þarf fyrir dælur og annan búnað og koma þarf vatninu á áfangastað. Möguleikar við úfærslu hvers þáttar fyrir sig verða nú ræddir.

6.1 Mannvirki

6.1.1 Vatnsvegir til stöðvarhúss

Vatn til dælanna kæmi ávállt frá miðlunarlóni eða lónpolli, sem myndaður yrði með stíflu, eða væri til af nátturunnar hendi við stöðina. Þaðan verður að veita vatninu til dælanna um hefðbundin veitumannvirki, svo sem jarðgöngum eða skurði. Venjulega er aðrennslið stuttur vatnsvegur. Í beinu framhaldi af honum gæti verið hin eiginlegu veitugöng, sem á lengri leiðum yrðu sennilega vélboruð.

6.1.2 Stöðvarhús

Vélar og rafbúnaður er hýstur í stöðvarhúsi. Til vela heyrir dælan og fylgihlutir hennar og mótor til að knýja hana. Í grófum dráttum samanstæði rafbúnaðurinn af rafmótum, startara og öruggisbúnaði. Einnig er rétt að telja með til rafbúnaðarins spenni og raflögn til dælustöðvarinnar, en hana þarf að áætla sérstaklega.

Eins og fram hefur komið eru mótor og dæla aðskilin þegar dæla þarf miklu magni. Mótorinn er þá hafður í rými beint fyrir ofan dælurnar og tengur þeim með öxli. Öxullinn liggur að hluta í gegnum frárennslispípu, sbr. myndir 3 og 5. Frárennslispípan nær upp í stöðvarhús og er beygð í spjaldaloka við stöðvarvegg. Í dælustöðvum eru ýmist eitt eða tvö gólfi til að bera uppi þunga raf- og vélbúnaðar. Í húsum með eitt gólf er mótorinn stundum studdur með stífum, sbr mynd 3. Í húsum með tvö gólfi ber efra gólfíð þunga mótors, en neðra gólfíð ber dælu og fylgihluti hennar. Stöðvarhúsin geta verið mjög mjó og lítil, þar sem þvermál dælanna er lítið. Auk dælunnar þarf að koma fyrir í stöðvarhúsi spjaldaloka, sem sennilega er álska langur og þvermál dælu. Það er því sennilega nóg að hafa breydd stöðvarhúss þrefallt þvermál dælu. Svipuð eða minni má fjarlægðin vera á milli dæla.

Í dælustöðvum er æskilegt að hafa fleiri en eina dælu til að auka rekstraröryggi hennar. Við enda veitumannvirkisins yrði að útbúa bás fyrir hverja dælu. Á mynd 5 er sýnt fyrirkomulag

innaka. Básunum væri raðað líkt og litlum herbergum að gangi og myndi op þeirra snúa að straumstefnunni. Frárennslispípu yrði komið fyrir í togboruðum göngum.

Við enda skurða þarf kjallara fyrir básinn til að tryggja nægan bakþrýsting á dæluna. Breidd hans yrði að vera a.m.k tvöfalt þvermál dæluhússins en lengd þessa rýmis yrði rúmlega tvöföld breidd þess til að tryggja að niðurdrattur verði ekki of mikill. Jafn halli yrði hafður frá skurðgólfí niður á kjallaragólf. Mótornum yrði komið fyrir í húsi sem steypt yrði yfir enda skurðarins. Þar væri skurðurinn vel styrktur til að hindra hrún. Vatnsleiðslan milli dælu og mótors kæmi svo í gegnum gólf stöðvarinnar niður í skurðinn. Í djúpum skurðum gæti þurft að steypa húsið ofan í skurðinum til að hýsa búnaðinn.

Fram hefur komið sú hugmynd (Haukur Tómasson 1993) að nota fallvatn innan þess vatnasviðs sem vatninu yrði dælt á til að knýgja dælinguna milliliðalaust. Vatninu yrði beint inn á túrbínu sem myndi knýja dæluna. Vatnið frá túrbínnunni myndi renna í sama farveg og dælda vatnið. Þetta fyrirkomulag myndi spara mest allan rafbúnað fyrir utan það að vera mjög einfalt og öruggt í rekstri.

6.1.3 Vatnsvegir frá stöðvarhúsi

Frá dælustöð fer vatnið undir þrýstingi. Hægt er að dæla vatninu beint í lóðrétt togboruð, hallandi eða lárétt göng. Landslag og aðrar aðstæður myndu ráða þar um. Þó verður að leitast við að lágmarka falltöp. Göngin yrðu þétt með hefðbundinni grautun þar sem vatninu er dælt inn.

Þegar um er að ræða lítið magn eða skammar vegalengdir er sennilega hentugast að nota trefjaplastþípur. Þær eru ódýrari en stálþípur og tæringarhætta er minni. Nú eru framleiddar trefjaplastþípur er þola allt að 210 m þrýting og vart mun vatni dælt hærra vegna virkjana á næstunni.

6.2 Kostnaðarjöfnur

6.2.1 Vélar og rafbúnaður

Úrvinnsla úr tilboðum framleiðenda fór þannig fram að reiknaður var meðalkostnaður fyrir dælur með 20-32 m fall annarsvegar og fyrir 80 m fall hinsvegar. Síðan er fundið línulegt samband milli þessara stærða, enda gefur gagnasafnið ekki ástæðu til flóknari reikninga. Jafna fyrir þetta er sýnd á mynd 6. Jafnan er:

$$Kv = Q(3,53 + 0,144 \cdot H)$$

þar sem Kv er kostnaður einnar vélar, Q rennsli og H þrýstihæð í m. Þetta þarf svo að margfalda með fjölda véla, sem eru að lágmarki 2. Í þessu er gert ráð fyrir að spjaldaloki sé 5% af kostnaði véla. Þetta kostnaðarsamband á að gilda fyrir Q frá 1 m³/s og að minnsta kosti upp í 15 m³/s, og fyrir afl frá 1 MW upp í 4,5 MW. Þrýstihæð er frá 20 m upp í 80 m. Allar þessar tölur eru mörk tiltækra gagna. Engin ástæða er til að ætla að ekki megi útvíkka þessi mörk bæði upp á við og niður nema rafmagnsmótorar eru af hámarksstærð.

Í þessu gagnasafni vekja athygli háar kostnaðartölur frá KSB miðað við hin verðin. Verðið á einingu er þar um 75 % af því sem Vatnsveitu Reykjavíkur borgar fyrir dælur með afköst 150 l/s. Óneitanlega bendir þetta til þess að verðin séu í þessu tilfelli óeðlilega há, og meira að marka hin verðin. Þrátt fyrir það er í kostnaðarjöfnunni KSB tilboðið inni í meðaltölunum og

má segja að í því felist aukin öryggisstuðull um að kostnaður sé ekki hærri.

6.2.2 Stöðvarhús

Eins og lýsing dælustöðvarhússins ber með sér, er um að ræða mjótt og langt hús ef vélar eru margar. Stöðvarkrani þarf að geta lyft allri dælunni í einu og gæti það verið upp undir 20 tonn fyrir vélar í Pjórsárveitu. Dælan er alltaf tekin upp til viðgerða og þá tekin sundur í 3 m lengdum. Stöðvarhúsið getur því verið frekar lágt því að aldrei er lyft lengri hlut en 3 m.

Stöðvarhús er reiknað þannig að jafnan í virkjunarlíkani er notuð fyrir eina vél af sömu stærð og dælurnar í dælustöðinni. Hús fyrir viðbótardælur er svo reiknað sem hálfur kostnaður samskonar húss. Kostnaður dælustöðvarhúss er samkvæmt þessu:

$$Kd = KL + (n-1) \cdot KL / 2$$

þar sem KL er kostnaður við stöðvarhús fyrir eina vél samkvæmt virkjanarlíkani og n fjöldi vél. Ástæðan fyrir því að einungis er tekinn hálfur kostnaður hverrar viðbótarvélar er að viðbótin er bara veggir botn og þak, en þar koma ekki til gaflar og hin sameiginlega aðstaða. Að sjálfsögðu þarf að gera áætlun um stöðvarhús, en þessi kostnaðarágiskun verður látin nægja í bili.

6.2.3 Inntök

Raunveruleg inntök í þeirri merkingu að mannvirkid stýri og stjórni innrennsli eru ekki í dælustöðinni. Dælurnar sjálfar sjá um þetta og þeim er stýrt með af og á loka sem er spjaldalokinn. Eina sem kalla mætti inntök er kjallarinn á stöðvarhúsinu. Kostnaður við hann er talinn innifallinn í stöðvarhúsi. Ekki þarf heldur loka til að komast að dælunum því að þær eru teknar upp til allra viðgerða.

6.3 Dælustöðvar í Efri-Pjórsá og Hraunavirkjun

Samkvæmt þeim hugmyndum sem nú eru uppi um dælustöð í Pjórsárveitu er gert ráð fyrir að dæla vatni upp um 12 m til þess að koma því upp í Illugaver. Með þessu sparast 6,7 km af jarðgöngum miðað við dælulausa veitu auk þess sem veitugöng geta verið grennri þar sem hægt er að taka á sig meira falltap með dælustöðinni. Auk þessa getur dælustöðin ráðið við meira vatn og nýtt betur miðlunarmöguleika Þórisvatns, þannig að út fæst meiri orkugeta. Kostnaður er eftirfarandi af dælustöðinni:

Vélar og rafbúnaður	475 Mkr
Stöðvarhús	160 Mkr
Lína 66 kV frá Hrauneyjum	110 Mkr
Samtals	745 Mkr

Hér er um verkcostnað að ræða, sem bæta þarf við 64.4 % til að fá heildar verkkaupakostnað. Hér er reiknað með raflínu frá Hrauneyjum, en hugsanlegt er að leysa málið á annan hátt, til dæmis með úttaki úr Sprengisandslínu, ef hún væri komin, eða með því að nota fallið úr Kvíslarveitu niður í Illugaver til þess að knýja dælurnar beint. Þá þyrfti einnig að veita Köldukvísl frá Hágöngum til Kvíslarveitu til þess að fá næga miðlun og rennsli. Ekki er hér gerð áætlun um spenna. Línukostnaður er áætlaður samkvæmt kostnaðarlíkani, sem verkfræðistofur hafa gert

fyrir Landsvirkjun.

Dælukostnaður fyrir veitu úr Vföidal í Hrunavirkjun er eftirfarandi:

Vélar og rafbúnaður	56 Mkr
Stöðvarhús	34 Mkr
Samtals	90 Mkr

Fyrir veitu úr Fossá er dælukostnaður um það bil tvöfaldur við Vföidal. Á báðum þessum stöðum má gera ráð fyrir að nothæf raflögn sé á staðnum eða í næsta nágrenni. Þeirri raflögn væri komið upp í sambandi við borun ganga með jarðgangaborvélum, sem taka mikin straum. Kostnaður við að tengja þessar dælustöðvar raforkukerfinu ætti því að vera lístill.

7. NIÐURSTÖÐUR

Í töflunni hér að neðan eru niðurstöður samanburðar á kostnaði við dæluvirkjanir annarsvegar, samkvæmt kostnaðarjöfnu byggðri á þeim verðupplýsingum sem við höfum aflað okkur, og hinsvegar verð miðað við kostnaðarjöfnur virkjanalskansins um vélar og rafbúnað virkjana. Þær hafa hingað til verið notaðar með 10 % álagi eða 20 % afslætti eftir því hver á heldur.

Tafla 4. Dæluverð samkvæmt þessari athugun og virkjanalskani.

Dælufjöldi	Q m ³ /s	H m	Afldælur MW	Afltúrbínur MW	Kostnaðarjöfnur Dælulíkan (d)	Mkr	d/v %	
					Virkjanalskani(v)			
Dælur	6	60	32	21.9	21.2	498	765	65
Stöðvarhús	6	"	"	"	"	187	254	74
Dæla	1	10	32	3.7	3.5	83	200	42
Stöðvarhús	1	"	"	"	"	54	54	100
Dælur	2	9	80	8.2	7.9	139	186	75
Stöðvarhús	2	"	"	"	"	76	97	75
Dælur	2	4.5	80	4.1	4.0	70	172	40
Stöðvarhús	2	"	"	"	"	34	48	70
"	1	"	"	"	"	48	48	100
Dæla	1	2.25	80	2.1	2.0	35	109	32
Stöðvarhús	1	"	"	"	"	22	22	100

Sú niðurstaða sem lesa má úr þessari töflu, er að verksmiðjuframleiddar dælur eru verulega ódýrari en dælur byggður á sama hátt og vélbúnaður í raforkustöðvum. Þegar borin er saman ein dæla á móti einni vél, kostar verksmiðjuframleidda dælan innan við 50% af kostnaði vélbúnaðar samkvæmt virkjanalskani og stórar dælustöðvar með mörgum dælum eru ennþá um þriðjungi til fjórðungi ódýrari en vélar virkjanalskansins. Stöðvarhús er einnig ódýrara vegna þess hversu lítið pláss hver dæla tekur. Inntök eru einnig mikil minni mannvirki en í virkjun. Af öllu þessu leiðir, að ekki er ástæða til annars en að taka dælingu alvarlega sem kost í hönnun virkjana.

8. HEIMILDIR


Halldór Pétursson 1992. Efri-Pjórsá. Forathugun - stöðuskýrsla. Orkustofnun, OS-92002/VOD-02 B.

Halldór Pétursson, Birgir Jónsson, Hákon Aðalssteinsson og Kristinn Einarsson 1992. Efri-Pjórsá. Samræmd forathugun á virkjunarkostum. Orkustofnun, OS-92045/VOD-05.


Halldór Pétursson og Haukur Tómasson 1992. Noregsferð. Orkustofnun, OS-92043/VOD-10 B.

Haukur Tómasson 1992. Hraunavirkjun meiri. Lausleg forathugun. Orkustofnun, OS-92046/VOD-12 B.


Haukur Tómasson 1993. Glámuvirkjun. Lausleg áætlun um þakrennuvirkjun. Orkustofnun, OS-93019/VOD-03 B.




Mynd 1. Flæðis-skrúfudæla.




Mynd 2. Nýtnisvið dælutegunda.





Mynd 3 frh. Staðsetning dælu.

PUMP PERFORMANCE CURVE (EXPECTED)




Mynd 4. Einkenniskúfur fyrir dælur.



THYSSEN MASCHINENBAU GMBH
Werk Witten-Annen · Ruhrpumpen


Unit Dimensions

(Dimensions in mm)



Size TR	D_p	H_p	a	DN_a	L_d	H_s	$D_{f\phi}$	H_x	F_1	H_2
1400 / 4/1150	2320	3100	950	1400	1400	1500	2600	2350	160	1000
1400 / 5/1150	2320	3100								
1400 / 6/1260	2130	2800	950	1400	1400	1500	2300	2350	160	1000
1400 / 7/1370	2160	2600								
1400 / 8/1370	2370	2700	950	1400	1400	1500	2600	2350	160	1100

Mynd 5. Útbúnaður við dælur.



Mynd 6. Kostnaðarjafna.

VIÐAUK I

Afrit fyrirspurnar til dæluframleiðenda



Mailing address: Id number: Telephone: Telex: Telefax:
Orkustofnun 500269-5379 354 1 696000 2339 ORKUST IS 354 1 688896
Grensasvegur 9
IS - 108 Reykjavik
Iceland

Reykjavik, September 8, 1994

Number of pages including this one: 2

FROM: Sæþor L. Jonsson, Engineering Department
TO: MITSUBISHI Heavy Industries LTD, Large Pump Division
FAX NO: 9081-3 3212 9833

Message:

Dear Sirs,

Orkustofnun (National Energy Authority), Engineering Division, is preparing a feasibility study on three Hydroelectric power plants. As an option to those plants we would like to look at feasibility to pump part of the water used to different locations. One part of this study is to consider the possibility of using few standard serial produced pumps for the projects, as the capacity and pressure required is within the range of a standard pump. Following is the main data for the planned Pump Plants.

1) ad Efri-Thjorsa Project :

Fluid to be pumped : Water from river draining from Glacier
Pump specification:

Pump type: Axial and Mixed flow Vertical Pumps.

Design capacity: 10-15 m³/sec. per. Pump.

Design head : 32-20 mWC (10 m³/sec. @ 32 mWC - 15 m³/sec. @ 20mWC).

Total capacity: 60-90 m³/sec. (~6-10 pumps).

Total installed Pump-power: 22 MW.

Installation level of pump : 570 m above sea level.

Mailing address	Telephone	Telex	Bank
ORKUSTOFNUN	+354 1 696000	2339 orkust is	NATIONAL BANK OF ICELAND
Grensasvegur 9	Id number	Telefax	Laugavegi 77, IS-101 REYKJAVIK
IS-108 REYKJAVIK, ICELAND	500269-5379	+354 1 688896	ACCOUNT 4669

2) ad Viddidalur Project :

